



38. fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 10. apríl, 2003, kl. 17:00 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Mæting skv. undirskriftum.

1. Mæting í Glaðheima ehf., Brautarhvammi kl. 17.00, vettvangsferð og viðræður við Grétar Þ. Sigurðsson.
2. Æskulýðs- og íþróttamál
 - a. Vinnuskólinn sumarið 2003.
 - b. Vinabæjarsamskipti 2003.
 - c. Afrit af samstarfssamningi 2002 við Ungmennafélagið Hvöt.
 - d. Erindi frá knattspyrnudeild Hvatar vegna knattspyrnumarabons.
3. Bréf frá félagsmálaráðuneyti vegna skuldajöfnunarframlags.
4. Bréf frá FEMA vegna úrbóta í umhverfismálum.
5. Til kynningar: Bréf frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur vegna nemenda í tónlistarskóla með lögheimili í öðrum sveitarfélögum.
6. Fundargerðir:
 - a. Fundargerð stjórnar INVEST frá 4. apríl sl.
 - b. Fundargerð framkvæmdaráðs samvinnunefndar um svæðisskipulag í A-Hún. frá 24. mars 2003.
 - c. Fundargerð framkvæmdaráðs samvinnunefndar um svæðisskipulag í A-Hún. frá 31. mars 2003.
7. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Mæting í Glaðheima ehf., Brautarhvammi kl. 17.00, vettvangsferð og viðræður við Grétar Þ. Sigurðsson.
Frestað til loka fundar.
2. Æskulýðs- og íþróttamál
 - a. Vinnuskólinn sumarið 2003.
Bæjarstjóri greindi frá þeirri undirbúningsvinnu sem átt hefur sér stað vegna Vinnuskóla Blönduóssbæjar. Áætlað er að umsóknarfrestur renni út 10. maí nk. og að vinna ungmenna hefjist 10. júní. Flokkstjórar hefji störf fyrr. Umræður urðu um opin svæði og er bæjarstjóra og byggingarfulltrúa falið að móta vinnutilhögun nánar.



- b. Vinabæjarsamskipti 2003.**
Kynnt bréf æskulýðsfulltrúa frá Karlstad í Svíþjóð vegna vinabæjarmóts 2003. Bæjarstjóra falið að vinna áfram að undirbúningi farar til Svíþjóðar í sumar.
- c. Afrit af samstarfssamningi 2002 við Ungmennafélagið Hvöt.**
Bæjarráð samþykkir að endurnýja samninginn við Hvöt vegna ársins 2003.
- d. Erindi frá knattspyrnudeild Hvatar vegna knattspyrnumarabons.**
Fram lagt erindi frá Vigni Björnssyni, stjórnarmanni knattspyrnudeildar Hvatar um niðurfellingu á húsaleigu vegna knattspyrnumarabons nk. laugardag 12. apríl. Bæjarráð samþykkir erindið.
- 3. Bréf frá félagsmálaráðuneyti vegna skuldajöfnunarframlags.**
Fram lagt yfirlit yfir útreikning skuldajöfnunarframlags Blönduóssbæjar.
- 4. Bréf frá FEMA vegna úrbóta í umhverfismálum.**
Fram lagt bréf FEMA þar sem kynntar eru fyrirhugaðar framkvæmdir vegna göngustígs í samvinnu við Blönduóssbæ og fleiri aðila. Bæjarráð fagnar erindinu og lítur jákvæðum augum á samstarf í göngustígagerð.
- 5. Til kynningar: Bréf frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur vegna nemenda í tónlistarskóla með lögheimili í öðrum sveitarfélögum.**
Í bréfinu er kynnt breytt fyrirkomulag tónlistarnáms í Reykjavík þar sem nemendum með lögheimili í öðrum sveitarfélögum verði áfram teknir inni tónlistarskóla í Reykjavík ef heimasveitarfélagið ábyrgist greiðslu kostnaðar umfram skólagjöld.
- 6. Fundargerðir:**
- a. Fundargerð stjórnar INVEST frá 4. apríl sl.**
Lögð fram til kynningar.
- b. Fundargerð framkvæmdaráðs samvinnunefndar um svæðisskipulag í A-Hún. frá 24. mars 2003.**
Lögð fram til kynningar.
- c. Fundargerð framkvæmdaráðs samvinnunefndar um svæðisskipulag í A-Hún. frá 31. mars 2003.**
Lögð fram til kynningar.



7. Önnur mál.

a. Átak til atvinnusköpunar ungs fólks á Blönduósi.

Bæjarstjóri kynnti samstarf sveitarfélagsins við Svæðisvinnumiðlun. Sveitarfélagið sótti um 16 stöðugildi úr Atvinnuleysisstryggingasjóði og fékk öll samþykkt. Bæjarráð fagnar áttakinu og felur bæjarstjóra að vinna áfram að verkefninu með Svæðisvinnumiðlun.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið og haldið í Brautarhvammi kl. 18:20

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson (sign.)

Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)